
HAUSTÞING SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



HALDIÐ Í REYKHOLTI

4. OKTÓBER 2023



SAMTÖK
SVEITARFÉLAGA
Á VESTURLANDI

Efnisyfirlit

Fulltrúar og gestir á haustþingi SSV 2023	2
Dagskrá Haustþings SSV 2023	4
Þingsetning – Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV.....	5
Fjárhags- og starfsáætlun lagðar fram og kynntar – Páll Brynjarsson, framkv.stj. SSV	5
Erindi.....	5
➤ Umhverfis, orku og loftlagsmál – samtal við Guðlaug Þór Þórðarson.....	5
Tillögur að ályktunum lagðar fram og vinnuhópar taka til starfa	6
Ávörp Gesta	6
➤ Hermann Sæmundsson, ráðuneytisstjóri Innviðaráðuneytisins	7
➤ Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, sérfræðingur í innviðaráðuneytinu	7
➤ Heiða Björg Hilmisdóttir formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga	7
➤ Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri Sambands Íslenskra sveitarfélaga	8
Pallborðsumræður um skólakerfi á krossgötum.....	8
Afgreiðsla á fjárhags- og starfsáætlunum og ályktunum	8
➤ Fjárhags- og starfsáætlun SSV	9
➤ Atvinnumál, nýsköpun, ferðapjónusta og menning	9
➤ Samgöngumál, fjarskipti og húsnæðismál	9
➤ Heilbrigðisþjónusta, velferð og löggæsla	9
➤ Menntamál og opinber fjármál	10
➤ Umhverfis-, orku- og loftlagsmál.....	10
Þingslit	10

Fulltrúar og gestir á haustþingi SSV 2023

AKRANES

- Líf Lárusdóttir bæjarfulltrúi
- Ragnar B. Sæmundsson bæjarfulltrúi
- Valgarður L. Jónsson bæjarfulltrúi
- Einar Brandsson bæjarfulltrúi
- Liv Aase Skarstad bæjarfulltrúi
- Haraldur Benediktsson bæjarstjóri

BORGARBYGGÐ

- Sigrún Ólafsdóttir sveitarst.fulltrúi
- Eva Margrét Jónudóttir sveitarst.fulltrúi
- Logi Sigurðsson sveitarst.fulltrúi
- Brynja Þorsteinsdóttir sveitarst.fulltrúi
- Sigurður Guðmundsson stjórn SSV
- Stefán Broddi Guðjónsson sveitarstjóri
- Guðveig Eyglóardóttir formaður SSV

DALABYGGÐ

- Skúli Hreinn Guðbjörnsson sveitarst.fulltrúi
- Ingibjörg Þóranna Steinud sveitarst.fulltrúi
- Eyjólfur Ingvi Bjarnason sveitarst.fulltrúi
- Björn Bjarki Þorsteinsson sveitarstjóri

EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

- Sigurbjörg Ottesen sveitarst.fulltrúi

GRUNDARFJARÐARBÆR

- Ágústa Einarsdóttir bæjarfulltrúi
- Jósef Ó. Kjartansson bæjarfulltrúi
- Garðar Svansson bæjarfulltrúi
- Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri

HVALFJARÐARSVEIT

- Andrea Ýr Arnarsdóttir sveitarst.fulltrúi
- Birkir Snær Guðlaugsson sveitarst.fulltrúi
- Elín Ósk Gunnarsdóttir stjórn SSV
- Inga María Sigurðardóttir sveitarst.fulltrúi
- Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri

SKORRADALSHREPPUR

- Jón Eiríkur Einarsson sveitarst.fulltrúi
- Pétur Davíðsson stjórn SSV

SNÆFELLSBÆR

- Júníana Björg Óttarsdóttir bæjarfulltrúi
- Michael Gluszuk bæjarfulltrúi
- Eiríkur Böðvar Rúnarsson bæjarfulltrúi
- Kristinn Jónasson bæjarstjóri

STYKKISHÓLMSBÆR

- Þórhildur Eypórsdóttir bæjarfulltrúi
- Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir bæjarfulltrúi
- Ragnar Már Ragnarsson bæjarfulltrúi

STARFSMENN SSV

- Björk Júlíana Jóelsdóttir
- Hrefna B. Jónsdóttir
- Helga Guðjónsdóttir
- Hrafnhildur Tryggvadóttir
- Ólafur Sveinsson
- Ólöf Guðmundsdóttir
- Margrét Björk Björnsdóttir
- Páll Brynjarsson
- Svala Svavarsdóttir
- Sædís Björk Þórðardóttir
- Vífill Karlsson

GESTIR

- Guðlaugur Þór Þórðarson ráðherra umhverfis-, orku og loftslagsmála
- Kjartan Ingvarsson lögfræðingur umhverfis-orku og loftlagsráðuneytinu
- Hermann Sæmundsson innviðaráðuneyti
- Anna Gunnhildur Ólafsdóttir innviðaráðuneyti
- Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra Sveitarfélaga
- Ragnheiður Þórarinsdóttir rektor LBHÍ
- Ingvi Hrannar Ómarsson sérfr. í mennta og barnamálaráðuneytinu
- Signý Óskarsdóttir ráðgjafi Creatrix
- Áslaug Hulda Jónsdóttir aðstoðarmaður háskóla, iðnaðar og nýsköpunarráðherra
- Hlédís Sveinsdóttir stjórnandi pallborðs



Dagskrá Haustþings SSV 2023

- Kl. 09:30** **Þingsetning, Guðveig Eyglóardóttir formaður SSV**
- Kl. 09:45** **Fjárhagsáætlun og starfsáætlun SSV fyrir árið 2024** lagðar fram og kynntar.
Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV
- Kl. 10:15** **Umhverfis, orku og loftlagsmál**
Samtal við Guðlaug Þór Þórðarson ráðherra umhverfis, orku og loftlagsmála
- Kl. 11:00** **Vinnuhópar um ályktanir Haustþings taka til starfa**
-Fjárhags- og starfsáætlun SSV
-Atvinnumál, nýsköpun, ferðaþjónusta og menning
-Samgöngumál, fjarskipti og húsnæðismál
-Heilbrigðisþjónusta, velferð og löggæsla
-Menntamál og opinber fjármál
-Umhverfis- orku og loftlagsmál
- Kl. 12:15** **Hádegisverður / Fosshótel Reykholti**
- Kl. 13:00** **Gönguferð um Reykholtstað** undir leiðsögn Ingibjargar Ingu Guðmundsdóttur
fyrirum nemanda og kennara við Héraðsskólann í Reykholti.
- Kl. 14:00** **Ávörp gesta**
-Hermann Sæmundsson ráðuneytisstjóri í innviðaráðuneytinu
-Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, sérfræðingur í innviðaráðuneytinu
-Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Kl. 15:00** **Skólakerfi á krossgötum** - Erindi og pallborðsumræður um þema þingsins
menntamál . Umræðum stýrir Hlédís Sveinsdóttir. Þátttakendur verða:
-Ragnheiður Þórarinsdóttir rektor LBHÍ
-Ingvi Hrannar Ómarsson sérfræðingur í mennta- og barnamálaráðuneytinu
-Signý Óskarsdóttir ráðgjafi Creatrix
-Áslaug Hulda Jónsdóttir aðstoðarmaður háskóla, iðnaðar og nýsköpunarráðherra
- Kl. 17:00** **Afgreiðsla áætlana og ályktana**
- Kl. 18:00** **Þinglok**

Þingsetning - Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV

Formaður SSV setti þingið og bauð fundarmenn velkomna. Guðveig bauð kjörna fulltrúa velkomna fór yfir dagskrá þingsins.

Guðveig tilnefndi Stefán Brodda Guðjónsson sem fundarstjóra. Þá tilnefndi hún Svölu Svavarsdóttur sem ritara og voru starfsmenn fundarins samþykktir af þingfulltrúum. Stefán Broddi tók við stjórn fundarins og

Fjárhags- og starfsáætlun lagðar fram og kynntar - Páll Brynjarsson, framkv.stj. SSV

Páll Brynjarsson kom í pontu og kynnti fjárhags- og starfsáætlun sem lág fyrir fundinum ásamt því að kynna starfsemi SSV í heild sinni.

Páll fór yfir starfsáætlun, hlutverk og markmið SSV. Páll nefndi þau lög sem kveða á um starfsemi SSV sem eru sveitarstjórnarlög og lög um byggðaaætlun og reifaði helstu markmið SSV sem eru að vinna að hagsmunum sveitarfélaganna, efla samstarf, stuðla að aukinni þekkingu kjörinna fulltrúa og styrkja þjóðfélagslega aðstöðu landshlutans. Páll nefndi þau verkefni sem SSV vinnur samkvæmt samningum og samþykktum sem eru í fyrsta lagi samningur við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðaþróun. Í öðru lagi þjónustusamningur við stjórn Sorpurðunar Vesturlands en SSV sér um rekstur urðunarstaðarins í Fíflholtum. Í þriðja lagi er það Áfangastaðaáætlun Vesturlands og verkefni henni tengdri sem SSV sér um að framfylgja samkvæmt samningi við Ferðamálastofu. Í fjórða lagi á SSV allt hlutafé í Markaðsstofu Vesturlands og sér um rekstur hennar. Í fimmta og síðasta lagi er SSV falið samkvæmt lögum að vinna að framkvæmd Sóknaráætlunar Vesturlands. Einnig fór Páll yfir stjórnskipan og starfsmannahald SSV ásamt yfirferð á helstu áherslum 2024 í samstarfi, hagsmunagæslu, stefnumótun, fræðslu, kynningu, Sóknaráætlun Vesturlands, atvinnuráðgjöf, menningar- og velferðarmálum og áfangastaðarins Vesturlands. Þá fór Páll yfir fjárhagsáætlun og gerði grein fyrir þeim tekju- og rekstrarliðum sem eru í áætluninni. Fram kom að áætlun gerir ráð fyrir rúmlega 211 þ.kr. rekstrarhagnaði. Í áætlun er gert ráð fyrir rúmlega 2,7% hækkun á framlagi sveitarfélaganna til SSV. Þá fór Páll yfir fjárhagsáætlun Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árið 2024 sem er viðauki við fjárhagsáætlun SSV.

Fundarstjóri þakkaði Páli og opnaði á fyrirspurnir um fjárhags- og starfsáætlun.

Páll svaraði spurningum úr sal

Stefán vísaði fjárhags- og starfsáætlun í nefndarstarfið.

Stefán lagði til að í kjörbréfanefnd yrðu Linda Björk Pálsdóttir, Auður Kjartansdóttir og Sigursteinn Sigurðsson.

Erindi

➤ [Umhverfis, orku og loftlagsmál - samtal við Guðlaug Þór Þórðarson](#)

Guðlaugur fór yfir helstu verkefni og áherslur ráðuneytisins varðandi umhverfis- orku og loftlagsmálin.

Hann kynnti jafnframt tillögur vinnuhóps um breytingar á skipulagi heilbrigðiseftirlitsins og hvatti sveitarstjórnarfolk til þess að kynna sér þær og taka þátt í umræðu um breytingarnar. Guðlaugur svaraði síðan spurningum frá fundarmönnum.

Fundarstjóri þakkaði Guðlaugi fyrir sitt erindi.

Tillögur að ályktunum lagðar fram og vinnuhópar taka til starfa

Fundarstjóri kynnti fyrirkomulag og vinnu nefnda og tilgreindi hvar hóparnir ættu að starfa og óskaði eftir því að þeir aðilar sem eru í forsvari fyrir hverja nefnd leiði sínar nefndir til starfa og bauð öðrum fundarmönnum að setja sig í þann hóp sem þeir hefðu áhuga á að vinna í.

Eftirtaldir aðilar voru forsvarsmenn nefnda:

1. Fjárhags- og starfsáætlun SSV:
Formaður vinnuhóps: Linda Björk Pálsdóttir
Starfsmaður: Svala Svavarsdóttir
2. Atvinnu, nýsköpun, ferðaþjónusta og menning
Formaður vinnuhóps: Líf Lárusdóttir
Starfsmaður SSV: Björk Jóelsdóttir, Helga Guðjónsdóttir, Kristján Guðmundsson, Ólöf Guðmundsdóttir
3. Samgöngumál, fjarskipti og húsnæðismál
Formaður vinnuhóps: Haraldur Benediktsson
Starfsmaður SSV: Margrét Björk Björnsdóttir
4. Heilbrigðisþjónusta, velferð og löggæsla
Formaður vinnuhóps: Bjarki Þorsteinsson
Starfsmenn SSV: Páll S. Brynjarsson
5. Menntamál og opinber fjármál
Formaður vinnuhóps: Sigurður Gísli Guðjónsson
Starfsmaður SSV: Vífill Karlsson
6. Umhverfis-, orku- og loftlagsmál
Formaður vinnuhóps: Sigrún Ólafsdóttir
Starfsmenn SSV: Hrafnhildur Tryggvadóttir og Hrefna B. Jónsdóttir

Eftir að hópavinnu við ályktanir var lokið bauð fundarstjóri kjörbréfanefnd að kynna niðurstöður. Auður Kjartansdóttir kom í pontu og tilkynnti að fundurinn væri löglegur og að nefndin gerir engar athugasemdir við kjörbréfin sem voru 24 fulltrúar mættir frá 9 sveitarfélögum.

Ávörp Gesta

Undir dagskrárliðnum ávörp gesta fluttu fjórir gestir ávörp, en það voru Hermann Sæmundsson ráðuneytisstjóri Innviðaráðuneytisins, Anna Gunnhildur Ólafsdóttir sérfræðingur í innviðaráðuneytinu, Arnar Þór Sævarsson framkvæmdarstjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heiða Björg Hilmisdóttir formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

➤ Hermann Sæmundsson, ráðuneytisstjóri Innviðaráðuneytisins

Hermann sagði m.a. frá því að stefna ráðherra fyrir málaflokka ráðuneytisins væri best lýst með hugtakinu Búsetufrelsi en því hugtaki hefur verið lýst með eftirfarandi hætti: Lífsgæði fólks eru ekki síst fólgin í því að það geti búið sér heimili þar sem það helst kys, í því búsetuformi sem því hentar og njóti sambærilegra umhverfisgæða, innviða og opinberrar þjónustu hvar á landinu sem er. Hermann kynnti verkefni innviðaráðuneytisins en það fer með stefnumótun í fimm málaflokkum á sviði byggðamála, húsnæðismála, samgangna, skipulags- og sveitarstjórnarmála. Þá ræddi hann samþættingu og endurskoðun áætlana, endurskoðun sveitarstjórnarlaga og lagði áherslu á að ráðuneytið væri að virkja gott samstarf við sambandið. Hann nefndi hann að væntur ávinningur við sameiningu sveitarfélaga miðaðist við 1000 íbúa að lágmarki.

Fundarstjóri þakkaði Hermanni fyrir sitt erindi.

➤ Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, sérfræðingur í innviðaráðuneytinu

Anna kynnti samþæfingu áætlana innviðaráðuneytisins og raungerð þeirra. Hún sagði að verkefnastjórnarnir væru að varða leið stefnumótunar með sömu framtíðarsýninni um að Ísland sé í fremstu röð með örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Með sama hætti eru meginmarkmiðin þau sömu um að innviðir mæti þörfum samfélagsins og byggðir og sveitir séu sjálfbær út um allt land. Hluti þessarar vinnu felst í því að við stuðlum að því að ráðuneytið taki höndum saman um ákveðnar aðgerðir eins og aðgerð á sviði umhverfisverndar og/eða málaflokkar ráðuneytisins styðji hvern annan með sínum hætti eins og raunin er til að mynda varðandi aðgerð á sviði tekjustofna í sveitarstjórnaráætluninni. Síðast en ekki síst hafa verkefnisstjórar áætlanna sameinast um samráð eins og hægt hefur verið í nýliðnum stefnumótunarferli. Þá sagði Anna frá því að helsta nýjungin frá núgildandi áætlun felst í því að aðgerðir innan aðgerðaáætlunarinnar ná til málefna sviða annarra ráðuneyta. Aðgerðaáætlunin leggur áherslu á umbætur í þjónustu. Þá ræddi Anna fjármálaaðgerðir svo sem endurskoðun tekjustofna, endurskoðun lagaákvæðis um fjármál sveitarfélaga, endurskoðun regluverks Jöfnunarsjóðs og umbætur á ferli kostnaðarmats þegar kostnaður fellur á sveitarfélögin við setningu löggjafar.

Fundarstjóri þakkaði Önnu fyrir sitt erindi.

➤ Heiða Björg Hilmisdóttir formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Heiða sagðist vænta mikil samstarfs við sveitarfélögin. Þá sagði hún að það væru breytingar og nútímavæðing hjá Sambandinu. Búið væri að fjölga fundum stjórnar og að nú fengju fleiri stjórnarmenn að taka þátt í stefnumótun sem þarf að vera stöðugt í gangi. Fastir fundir með landshlutasamtökum eru mjög gagnlegir þar sem m.a. væri rætt um byggðaáætlun, sóknaráætlanir og köld svæði. Heiða lagði áherslu á að það ætti að auglýsa öll störf án staðsetningar og að það væri algjör samstaða um það í stjórn sambandsins og mikill vilji til að fjölga störfum úti á landi. Unnið er að stefnu og aðgerðaáætlunum til að koma inn á vettvang ríkisins með skýra mynd af því hvernig á að innleiða þetta. Þá talaði Heiða um breytt samfélag, fjölgun fólks, fólk af ólíkum uppruna og að þjóðin er að eldast. Allt þetta setur miklar kröfur á sveitarfélögin þannig að allir geti tekið þátt og að búsetufrelsi virki. Heiða sagði að samningar við ríkið standi. Fastir fundir eru með öllum ráðherrum, mikill áhugi að vera í góðu samstarfi við Sambandið en ráðuneytin tali um að sveitarfélögin séu svo tvístruð, þurfum að laga það og vinna saman. Heiða sagði að stjórn og starfsfólk Sambandsins væru alltaf tilbúin að ræða allt við sveitarstjórnarfólk. Þá ræddi hún mikil

tækifæri á Íslandi og að taka þurfi margar áhugaverðar ákvarðanir um framtíðina. Heiða hvatti fundinn til að taka höndum saman og vinna vel og þétt og sagði að þá getum við tekið aðeins hraðari skref og þá ekki endilega í sameiningu sveitarfélaga heldur einnig að styrkja sveitarfélög.

Fundarstjóri þakkaði Önnu fyrir sitt erindi.

➤ [Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga](#)

Arnar sagði mikinn heiður og gaman að koma í Borgarfjörð þegar hann skartar sínu fegursta. Arnar ræddi góðar umræður á fundum með landshlutasamtökum þar sem mikið væri rætt um samspil við stjórnvöld og hlutverk sambandsins í þeim efnum. Þá nefndi hann mismunandi stöðu landshlutasamtaka hér á landi sem kristallast í mismunandi umboði sem sveitarstjórnir fela sínum landshlutasamtökum. Þá hrósaði hann Vesturlandi fyrir að veita sínum landshlutasamtökum stórt hlutverk sem væri til eftirbreytni og vel af sér vikið. Hann sagði að Sambandið leggði sig fram við að hafa sem mest samskipti við landshlutasamtökin þar sem farið er yfir sviðið og skipst á skoðunum og reynt að tengja betur inn í landshlutana. Það er mikilvægt að vita hvernig hjartað slær og að fylkja okkur á bakvið einstök mál. Þá nefndi hann skipulagsbreytingar hjá Sambandinu og nýtt skipurit. Arnar sagði að aðal áherslur væru að skýra betur ábyrgðarkeðjuna og að landsþingið komi skýrar inn í hana. Við þurfum að ljá rödd okkar betur inn í umræðuna. Verið er að fækka sviðum og straumlinulaga skipuritið. Sambandið vill bæta sig í hagsmunagæslunni gagnvart ríkinu og að leggja áherslu á að hafa nóg gögn þegar við erum í samskiptum við ríkið. Það þarf að safna betur gögnum um öll þau mál sem viðkoma sveitarfélögum. Arnar sagðist vilja að búið yrði til mælaborð fyrir sveitarstjórnarfólk og til þess að framkvæma það þurfa sveitarfélögin að koma með inn í þá vegferð. Slíkt mælaborð er fyrst og fremst gert fyrir sveitarfélögin en svo nýtast þau líka í hlutverk sambandsins sem málsvari gagnvart ríki og öðrum aðilum ásamt því að nýtast við kjarasamningagerð o.fl. Arnar sagði að farið yrði í þá vinnu á næstu vikum og hvatti fundinn til að koma með í þá vegferð.

Pallborðsumræður um skólakerfi á krossgötum

Fundarstjóri kynnti pallborðið en þátttakendur voru:

Stjórnandi umræðu: Hlédís Sveinsdóttir

Pallborð

-Ragnheiður Þórarinsdóttir, rektor LBHÍ

-Ingvi Hrannar Ómarsson, sérfræðingur í Mennta- og barnamálaráðuneytinu

-Signý Óskarsdóttir, ráðgjafi Creatrix

-Áslaug Hulda Jónsdóttir, aðstoðamaður háskóla, iðnaðar og nýsköpunarráðherra

Hlédís kynnti hvern og einn frummælenda, hún gaf þeim orðið í upphafi og síðan var opnaði fyrir spurningar úr sal þar sem þinggestir gátu spurt alla þátttakendur í pallborði eða beint spurningum sínum til ákveðins aðila. Framhaldinu sköpuðust miklar og góðar umræður í um tvær klukkustundir þar sem velt var upp mörgum hliðum skólakerfisins.

Afgreiðsla á fjárhags- og starfsáætlunum og ályktunum

Fundarstjóri bað fulltrúa vinnuhópa að vera tilbúna að koma í pontu og gera grein fyrir störfum hópanna.

➤ [Fjárhags- og starfsáætlun SSV](#)

Linda gerði grein fyrir starfi vinnuhóps um fjárhags- og starfsáætlun SSV. Hún reifaði umræður hópsins og lagði fram fjárhags- og starfsáætlun til samþykktar eins og hún var lögð fyrir þingið.

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða

Starfsáætlun samþykkt samhljóða

Ályktanir um fjármál samþykkt samhljóða

Sjá framlagða og samþykka fjárhags- og starfsáætlun í fylgiskjöllum

➤ [Atvinnumál, nýsköpun, ferðaþjónusta og menning](#)

Líf Lárusdóttir gerði grein fyrir starfi vinnuhóps um atvinnumál, nýsköpun, ferðaþjónusta og menningu. Það voru nokkrar breytingar gerðar á þeirri tillögu sem lág fyrir þinginu. Þá komu fram athugasemdir frá þinggestum og tillaga að viðbót um varavegi. Ákveðið að fara í að vinna ályktun um varavegi og bera tillöguna upp í lok dagskrár þingsins

Ályktun um atvinnumál, nýsköpun, ferðaþjónustu og menningu samþykkt samhljóða með þeim breytingum sem vinnuhópur þingsins lagði til ásamt breytingum í yfirferð Lífar.

Sjá framlagða og samþykka atvinnumál, nýsköpun, ferðaþjónustu og menningu í fylgiskjöllum

➤ [Samgöngumál, fjarskipti og húsnæðismál](#)

Margrét Björk gerði grein fyrir starfi vinnuhóps um samgöngumál, fjarskipti og húsnæðismál. Það voru nokkrar breytingar gerðar á þeirri tillögu sem lág fyrir þinginu. Þá komu fram athugasemdir frá þinggestum.

Ályktun um samgöngumál, fjarskipti og húsnæðismál samþykkt samhljóða með þeim breytingum sem vinnuhópur þingsins lagði til ásamt breytingum í yfirferð Margrétar.

Sjá framlagða og samþykka ályktun um samgöngumál, fjarskipti og húsnæðismál í fylgiskjöllum

➤ [Heilbrigðisþjónusta, velferð og löggæsla](#)

Bjarki Þorsteinsson gerði grein fyrir starfi vinnuhóps um heilbrigðisþjónustu, velferð og löggæslu. Það voru nokkrar breytingar gerðar á þeirri tillögu sem lág fyrir þinginu. Þá komu fram athugasemdir frá þinggestum.

Ályktun um heilbrigðisþjónustu, velferð og löggæslu samþykkt samhljóða með þeim breytingum sem vinnuhópur þingsins lagði til ásamt breytingum í yfirferð Bjarka.

Sjá framlagða og samþykka ályktun um samgöngumál, fjarskipti og húsnæðismál í fylgiskjöllum

➤ Menntamál og opinber fjármál

Sigurður Gísli gerði grein fyrir starfi vinnuhóps um menntamál og opinber fjármál og þeirri umræðu sem varð innan hópsins. Það voru nokkrar breytingar gerðar á þeirri tillögu sem lág fyrir þinginu. Þá komu fram athugasemdir frá þinggestum.

Ályktun um menntamál og opinber fjármál samþykkt samhljóða með þeim breytingum sem vinnuhópur þingsins lagði til ásamt breytingum í yfirferð Sigurðar. Sjá framlagða og samþykka ályktun um atvinnu- og umhverfismál í fylgiskjölum

➤ Umhverfis-, orku- og loftlagsmál

Sigrún Ólafsdóttir gerði grein fyrir starfi vinnuhóps um umhverfis-, orku- og loftlagsmál. Það voru nokkrar breytingar gerðar á þeirri tillögu sem lág fyrir þinginu. Þá komu fram athugasemdir frá þinggestum.

Ályktun um umhverfis-, orku og loftlagsmál samþykkt samhljóða með þeim breytingum sem vinnuhópur þingsins lagði til ásamt þeim breytingum sem bættust við í yfirferð Sigrúnar um ályktunina. Sjá framlagða og samþykka ályktun um atvinnu- og umhverfismál í fylgiskjölum.

Samþykkt var að starfsfólki SSV yrði falið að laga orðalag ásamt innsláttar- og stafsetningarvillur í ályktunum.

Þingslit

Fundarstjóri, Stefán Broddi þakkaði fyrir traustið og fyrir kröftuga og góða vinnu á þinginu ásamt því að þakka fundarmönnum fyrir komuna og bauð Páli framkvæmdarstjóra SSV að koma upp og slíta þingi.

Páll þakkaði þingfulltrúum og gestum fyrir gott þing og góðar umræður. Þá þakkaði hann hópstjórum og starfsfólki SSV fyrir góða vinnu og sleit þingi.